



## Vinnumarkaður sterkur þrátt fyrir truflanir vegna faraldurs

Samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands er áætlað að um 208.900 manns hafi verið á vinnumarkaði í desember 2021, sem jafngildir 78% atvinnuþátttöku. Af þeim voru um 199.700 starfandi og um 9.200 atvinnulausir og í atvinnuleit, eða um 4,4% af vinnuaflinu.

Starfandi fólki fjölgaði um 11.800 milli ára í desember og atvinnulausum fækkaði um 4.700 á sama tíma. Hlutfall starfandi var 74,6% í desember og hækkaði um 3 prósentustig frá desember 2020.

### Atvinnuþátttaka á uppleið

Atvinnuþátttaka hefur aukist á þessu ári og var 78,0% nú í desember sem er einu prósentustigi meira en í desember í árið áður. Sé miðað við 12 mánaða hlaupandi meðaltal var atvinnuþátttaka mest um mitt ár 2017, en þá fór hún upp í 82%. Samsvarandi tala nú er 78,8% og hefur atvinnuþátttaka aukist nokkuð stöðugt síðasta ár á þennan mælikvarða.




### Mismunandi mælingar á atvinnuleysi

Atvinnuleysi, samkvæmt mælingum Hagstofunnar, var 4,4% í desember sem er 2,5 prósentustigum lægra en á sama tíma í fyrra. Almennt atvinnuleysi skráð hjá Vinnumálastofnun var hins vegar 4,9% og hafði minnkað um 5,8 prósentustig milli ára.

Sumar niðurstöður vinnumarkaðskönnunar Hagstofunnar sveiflast mikið eftir mánuðum. Þannig var atvinnuleysi í desember einu prósentustigi hærra en í nóvember. Hagstofan birtir einnig árstíðaleiðréttar tölur og samkvæmt þeim var atvinnuleysi í desember 4,6% í stað þeirra 4,4% sem mæld voru í mánuðinum.

### Atvinnuleysi álíka mikið 2020 og 2021

Meðalatvinnuleysi ársins 2021 var eilítið minna en 2020 samkvæmt mælingum bæði Hagstofu og Vinnumálastofnunar. Miklar breytingar urðu innan beggja ára með mikilli aukningu 2020 og mikilli





minnkun 2021. Atvinnuleysið á þessum árum var eilítið minna en á árunum 2009 og 2010, en þessi fjögur ár eru með stærstu atvinnuleysisárum sögunnar.

### Vinnutími styttist

Vinnutími hefur styst töluvert á undanförunum misserum. Venjulegur vikulegur vinnutími var þannig 0,4 stundum styttri nú í desember en í desember 2020. Sveiflur eru miklar í vinnutíma milli mánaða, en sé horft til 12 mánaða hlaupandi meðaltals er vinnutími nú rúmlega klukkustund styttri en hann var í upphafi ársins 2020. Áherslur í kjarasamningum um styttingu vinnutíma koma þannig greinilega í ljós í vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar.

### Vinnuafslnotkun eykst stöðugt eftir langvarandi samdrátt


Starfandi fólki á 4. ársfjórðungi 2021 fjölgaði um 7,1% miðað við sama tíma 2020. Vinnutími styttist um 0,5% á sama tíma þannig að heildarvinnustundum fjölgaði um 6,6% milli ára. Þetta er þriðji ársfjórðunginn í röð sem heildarvinnustundum fjölgar.

Miklar sveiflur hafa verið í vinnuafslnotkun á tíma faraldursins og sker árið 2020 sig nokkuð úr hvað þróun vinnuafslnotkunar varðar.


### Sterkari vinnumarkaður

Tölur úr vinnumarkaðskönnuninni síðustu mánuði sýna ótvírætt að vinnumarkaðurinn er óðum að ná fyrri styrk. Þrátt fyrir endurtekin skakkaföll í baráttunni við faraldurinn hefur þróunin á vinnumarkaði verið jákvæð. Þannig hefur t.d. komið í ljós að ný ráðningarsambönd sem byggðu á ráðningarstyrkjum hafa haldið nokkuð vel þrátt fyrir truflanir vegna faraldursins.


### Venjulegar vinnustundir



### Atvinna og vinnutími



### Breyting vinnuafslnotkunar





Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.